



Forvarnastefna Kópavogs

Forvarnir til framtíðar



Efnisyfirlit

Formáli	3
Inngangur	4
Vettvangur Samstarfshóps um forvarnir í Kópavogi	5
Litli hópur – þverfaglegt aðgerðateymi	6
Forvarnanefnd og forvarnafulltrúi Kópavogs	6
Mælingar á árangri forvarnastarfsins	6
Markmið og leiðarljós stofnana og félaga í Kópavogi	8
Fræðslusvið	8
Leikskóli – grunnskóli – framhaldsskóli	8
Tómstunda- og menningarsvið	10
ÍTK – Íþrótt- og tómstundaráð Kópavogs	10
Ungmennahúsið Molinn	11
Framkvæmda- og tæknisvið	11
Vinnuskóli Kópavogs	11
Félagssvið	12
Félagsþjónustan	12
Þjóðkirkjan – Trúfélög – Frjáls félagasamtök	14
Kirkjurnar í Kópavogi – Æskulýðsfélög	14
Foreldrafélög skóla og SAMKÓP	15
Kópavogsdeild Rauða kross Íslands	16
Lögreglan	17
Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu – Svæðisstöðin í Kópavogi	17
Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	17
Heilsugæslan Hamraborg – Heilsugæslan Hvammi og í Salahverfi	17
Heilsuvernd Heilsugæslunnar frá getnaði til 18 ára aldurs	18

Formáli



Við sveitarstjórnarkosningar 2006 var ákveðið að setja á fót sérstaka stjórnáslunefnd í forvörnum, forvarnanefnd Kópavogs, sem hefði það hlutverk að samhæfa og styrkja enn frekar það forvarnastarf sem unnið er í bæjarfélaginu. Má þar nefna öflugt starf í íþrótt- og tómstundafélögum, grunnskólum, leikskólum, Menntaskólanum í Kópavogi, Vinnuskóla Kópavogs, hjá félagsþjónustu, SAMKÓP og foreldrafélögum, kirkju, lögreglu og heilsugæslu.

Í samfélagi nútímans, þar sem frelsi og fjölmiðlun er ríkur þáttur í félagsmótun einstaklingsins skiptir markvisst og öflugt forvarnastarf miklu máli. Forvarnastarf þarf að vera víðtækt og m.a. taka til áfengis- og vímuvarna, varna gegn ofþyngd, aukinnar hreyfingar, ótímabærrar og óæskilegrar kynlífshegðunar ungs fólks, hollara mataræðis, öruggar netnotkunar barna og ungmenna, bættrar sjálfsmyndar, aukinnar fræðslu um bætt uppeldi, geðræktar og betri líðan almennings. Kópavogur hefur sýnt ákveðið frumkvæði með því að setja á fót sérstaka stjórnáslunefnd, sem ætlað er að sinna forvörnum, hefur starfsmann og yfir fjármagni að ráða. En brýnt er að sem flestar ákvarðanir sem teknar eru innan stjórnáslu bæjarins hafi áhrif til forvarna svo hægt sé að bæta lýðheilsu allra bæjarbúa. Það skiptir því máli að einstök svið og nefndir vinni eftir því leiðarljósi og marki sér leið til betri forvarna í bæjarfélaginu. Þeir aðilar sem sinnt hafa forvörnum hafa allir komið að undirbúningi að forvarnastefnu Kópavogs sem hér er kynnt, en mikilvægt er að auka umræðu og umfjöllun um málaflokkinn innan bæjarkerfisins, hjá einstökum stofnunum bæjarins sem og meðal alls almennings.

Í átt að enn öflugra forvarnastarfi í Kópavogi.

Una María Óskarsdóttir,

formaður forvarnanefndar Kópavogs.

Inngangur

Forvarnir eru í eðli sínu mjög viðtækar og ná til flest allra þátta í daglegu lífi okkar og í raun er ekkert mannlegt forvörnum óviðkomandi. Forvarnir hafa viðtækari skírskotun nú en áður. Markvissar og skipulagðar forvarnir stuðla að jákvæðu og uppbyggilegu umhverfi fyrir bæjarbúa.

Forvarnastefnan tekur til barna og ungmenna frá fæðingu til 18 ára aldurs. Í Kópavogi hafa stofnanir og félagasamtök fjölbreyttu og mikilvægu hlutverki að gegna við að marka og fylgja eftir stefnu í forvarnamálum og það skiptir einnig miklu máli að fjölskyldur horfi í sömu átt, séu vel upplýstar um þau markmið og leiðir sem hugsaðar eru til að jákvæður árangur náist í forvörnum. Foreldrar eru lykilhlekkurinn í forvarnakeðjunni og mikilvægt að styðja þá, sem og að tryggja börnum jákvætt og uppbyggilegt umhverfi hvort sem er í skólum eða í frítíma.

Forvarnastefna Kópavogs er leiðarljós fyrir stofnanir og félagasamtök í Kópavogi og við útfærslu stefnunnar skal styðjast við þau markmið og leiðir sem tilgreind eru. Meginmarkmiðið með gerð forvarnastefnu Kópavogs er að tryggja samvinnu og samheldni í forvarnastarfinu, að ákveðinn samhljómur sé ríkjandi og þeir aðilar sem vinna að velferð barna og unglunga séu samhuga í verki. Allir sigli í sömu átt við að reyna að tryggja velferð íbúa í Kópavogi.

Að gerð stefnunnar komu stofnanir, deildir, svið og félagasamtök með virkum hætti, einnig fulltrúar foreldra í SAMKÓP og þar með var tryggt að viðhorf foreldra kæmst til skila og tekið var tillit til þeirra við gerð stefnunnar. Forvarnastefna sem þessi er sífellt í endurskoðun og því sibreytileg með það að leiðarljósi að tryggja skilvirkni og árangur í starfi forvarna.



Vettvangur Samstarfshóps um forvarnir í Kópavogi

Hópurinn samanstendur af fulltrúum deilda, sviða, félagasamtaka og pólitískt kjörnum fulltrúum. Samstarfshópurinn hefur mikilvægu hlutverki að gegna í forvarnastarfi í Kópavogi. Samstarfshópurinn tengir saman það mikilvæga forvarnarnet sem gerir starfið skilvirkara. Samstarfshópurinn fundar reglulega og miðlar þar upplýsingum, skiptir með sér verkum o.s.frv. Samstarfshópurinn er ráðgefandi varðandi áherslur í forvarnastarfinu hverju sinni, stefnumótun og þróun. Hér er samstarfsvettvangur fyrir skóla og stofnanir, fulltrúa foreldra, kirkju, lögreglu, heilsugæslu, íþrótt- og tómstundafélög o.fl. Samstarfshópurinn hefur unnið sameiginlega að gerð forvarnastefnu Kópavogs og um leið unnið að virkri þátttöku sem flestra við gerð hennar.



Litli hópur – þverfaglegt aðgerðateymi

Hópurinn setti sér starfsreglur sem byggjast á eftirfarandi nálgun að viðfangsefninu: Hlutverk Litla hóps er að fylgjast almennt með vandamálum tengdum unglingum í Kópavogi, safna upplýsingum, veita stuðning og samræma aðgerðir. Hugmyndin er að fylgjast með hópamyndun meðal unglunga og nálgast þá áður en til vandamála og alvarlegra árekstra við umhverfið kemur. Litli hópur fjallar því ekki beint um málefni einstaklinga nema í þeim tilvikum þar sem hann er tilkvaddur af viðeigandi stofnun eða meðferðaraðila til samstarfs. Hlutverk Litla hóps er jafnframt að fylgjast með og þróa nýjungar varðandi úrræði í unglingamálum, koma hugmyndum á framfæri við viðkomandi stofnanir og félagasamtök og vera ráðgefandi um stofnun ýmissa meðferðarræða.

Forvarnanefnd og forvarnafulltrúi Kópavogs

Hlutverk forvarnanefndar og forvarnafulltrúa er m.a. að fylgja eftir þróunar- og stefnumótunarvinnu við forvarnastefnu, sem og að tryggja framgang stefnunnar hjá þeim sem vinna með börnum og unglingum í Kópavogi. Forvarnanefnd ber ábyrgð á málaflokknum gagnvart bæjarstjórn Kópavogs. Nefndin aflar sér viðtækrar þekkingar á sviði forvarna á hverjum tíma og gerir sér far um að vera ávallt upplýst um þá strauma og stefnur sem viðhafðar eru m.t.t. árangurs í forvörnum. Forvarnir eru skilgreindar vítt með það að markmiði að tryggja heilbrigðan og uppbyggilegan vettvang fyrir börn og ungmenni í Kópavogi. Stuðst er við nýjustu rannsóknir við skipulag vinnu á sviði forvarna og er krafa um faglega þekkingu sem og reynslu af þeim sem sinna störfum fyrir forvarnanefnd Kópavogs.

Forvarnafulltrúi er fulltrúi Kópavogs í Samanhópnum en hlutverk hópsins er að auka samstarf fólks sem vinnur að forvörnum. Samanhópurinn vinnur að forvarnaskilaboðum sem beint er að foreldrum á landsvísu sem og átaksverkefnum í kringum stórviðburði, áramót, verslunarmannahelgar og fleira. Lykill að góðu forvarnastarfi í sveitarfélaginu er meðal annars að auka enn frekar á þá viðtæku samvinnu sem hefur verið milli forvarnafulltrúa flestra sveitarfélaga á landinu.

Mælingar á árangri forvarnastarfsins

Mælingar á árangri eru mikilvægar og fjölþættar. Forvarnanefnd og samstarfshópur um forvarnir styðjast við niðurstöður viðurkenndra rannsókna og eru þær notaðar til stefnumótunar í skipulagi forvarnastarfs. Kópavogur er fyrsta bæjarfélagið sem gerði samning við Rannsóknir og greiningu(R&G) og var nú nýlega sá samningur

endurnýjaður með viðbótum til ársins 2011. Rannsóknir og greining er eina rannsóknarmiðstöðin á Íslandi sem sérhæfir sig í rannsóknum á ungu fólki. Í gagnagrunni R&G er nú þegar að finna upplýsingar um hagi og líðan ungs fólks allt aftur til ársins 1992. Auk rannsókna er árangur í forvarnastarfi sem og hvort upphafleg markmið hafi náðst mæld:

- Með virkni og þátttöku hópa og einstaklinga í forvarnaverkefnum
- Með viðhorfi samstarfsaðila
- Með fjölda verkefna
- Með tölulegum upplýsingum frá lögreglu og barnavernd



Markmið og leiðarljós stofnana og félaga í Kópavogi

Tilgangur forvarnastefnu er að stuðla að viðtækum og skipulögðum forvörnum fyrir börn frá fæðingu til 18 ára aldurs með því að til sé heildræn stefna í forvarnamálum bæjarins og að tryggja samvinnu þeirra sem koma að málefnum barna og unglinga í bæjarfélaginu t.d. skólum, íþróttafélögum, félagsmiðstöðvum og kirkju. Forvarnir eru mjög viðtækar og meginmarkmið þeirra er að tryggja heilbriggt og uppbyggilegt umhverfi fyrir börn og unglinga bæjarins með samvinnu og virkni sem flestra í Kópavogi.

Fræðsluvið

Leikskóli – grunnskóli – framhaldsskóli

Markmið:

Að efla, þroska og styrkja nemendur í öllu skólastarfi. Að velferð nemenda sé ávallt höfð að leiðarljósi. Að skólar og foreldrar vinni saman að jákvæðu og uppbyggilegu umhverfi fyrir börn og ungmenni.

Leiðir:

- Skipulögð fræðsla til nemenda þar sem leitast er við að hafa jákvæð áhrif á viðhorf, t.d. til heilbrigðs lífennis og gilda lífsins.
- Markviss og skipulögð fræðsla fyrir foreldra til að efla þá í hlutverki sínu sem fyrirmyndir og uppaldur.
- Starfsfólk sýni jákvæða fyrirmynd og sé vel upplýst um hlutverk sitt og ábyrgð.
- Eineltis- og áfallaáætlun í reglulegri endurskoðun og starfsmenn þekki ferli viðbragða.
- Lífsleiknikennsla sé nýtt með markvissum hætti til að stuðla að heilbrigðum lífsstíl.
- Samstarf skóla við aðrar stofnanir sem koma að málefnum barna og unglinga, t.d. félagsþjónustu, félagsmiðstöðva og íþróttafélaga.
- Virk samvinna milli skóla á öllum stigum og virk samfella í starfi forvarna á milli skólastiga.
- Nota rannsóknarniðurstöður til markvissra starfa.
- Hafa skýra stefnu um heilsuforvarnir með áherslu á gildi hreyfingar og mataræðis.

- Skólar leggi ríka áherslu á að bjóða nám við allra hæfi og komi til móts við ólíkar þarfir nemenda.
- Starfsmenn skóla séu meðvitaðir um tilkynningarskyldu sína samkvæmt barnaverndarlögum.
- Tryggja gott upplýsingastreymi til foreldra um starf skóla.
- Tryggja að hollur matur sé í boði fyrir nemendur.
- Nemendur fái stuðning við hæfi og viðeigandi sérfræðiaðstoð þegar þörf er.
- Allt félagsstarf í skólum sé vímuefnalaust.
- Að samfella sé í forvarnastarfi frá leikskóla til 18 ára aldurs.
- Að efla tengsl milli leik- og grunnskóla og tryggja jákvæða breytingu á milli skólastiga fyrir nemendur.
- Að efla tengsl milli grunnskóla og framhaldsskóla, t.d. með jafningjafræðslu og námskynningum.
- Að vera með skýr skilaboð til nemenda gegn neyslu vímuefna og stuðla að heilbrigðum lífstil með markvissri fræðslu og jákvæðum fyrirmyndum.
- Að sameina krafta þeirra sem vinna gegn áhættu hegðun barna og unglunga.
- Að veita ráðgjöf til foreldra í vanda og/eða vísa þeim á viðeigandi úrræði þar sem við á.
- Að starfsemin höfði jafnt til beggja kynja.
- Að skólar geri forvarna- og aðgerðaáætlun sem er sýnileg og hafi talsmann forvarna fyrir skólann.
- Að efla meðvitund nemenda um mikilvægi þess að bera ábyrgð á eigin heilsu.



Tómstunda- og menningarsvið

ÍTK – Íþrótt- og tómstundaráð Kópavogs

Markmið:

Að öll börn hafi jöfn tækifæri til að stunda jákvætt og uppbyggilegt íþrótt- og tómstundastarf við sitt hæfi undir leiðsögn fagaðila. Að starfið styrki og eflí sjálfsmynd barna og eflí félagsfærni þeirra. Unnið sé að fræðslu barna og unglínga til að sporna við neyslu tóbaks, áfengis og annara vímuefna. Markvisst verði unnið að því að sporna við brottfalli úr íþrótt- æskulýðs- og tómstundastarfi.

Leiðir:

- Að bjóða upp á fjölbreytta dagskrá í íþrótt- og tómstundastarfi.
- Að öll starfsemi höfði jafnt til beggja kynja.
- Að auka og bæta íþrótt- og tómstundatilboð fyrir börn og unglínga í þeirra heimhverfi.
- Að leitað verði leiða til að höfða til þeirra sem tilheyra jaðarhópi og finna sig ekki í hefðbundnu íþrótt- eða tómstundastarfi.
- Leitast verði við að virkja foreldra til þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi með virkri upplýsingagjöf.
- Að stuðla að virkri meðvitund foreldra, barna og unglínga um gildi hreyfingar og heilbrigðra lífnaðarháttá.
- Að leitast verði við að efla samstarf skóla og ÍTK.
- Starfsfólk ÍTK séu jákvæðar fyrirmyndir á öllum sviðum.
- Skipulögð fræðsla til starfsmanna með það að markmiði að tryggja fagleg vinnubrögð og rétt viðbrögð við óvæntum aðstæðum.
- Að starfsmenn, sem starfa með börnum og unglíngum, séu upplýstir um tilkynningaskyldu sína gagnvart barnaverndarlögum.
- Að félagsmiðstöðvar, íþróttafélög og önnur félagasamtök sviðsins geri forvarna- og aðgerðaáætlun og hafi talsmann forvarna.
- Forvarnastefna og aðgerðaáætlun sé sýnileg, t.d. á heimasíðu félaga og stofnana.
- Eineltis- og áfallaáætlun liggja fyrir og allir starfsmenn séu upplýstir um rétt viðbrögð.
- Verkferlar liggja fyrir við agabrotum barna og unglínga í íþrótt- og tómstundastarfi.

- Á skipulögðum viðburðum sem fjölskyldan hefur tækifæri til að sækja saman er áfengisneysla ekki heimil.
- Að ávallt sé auðveldur aðgangur foreldra að upplýsingum um skipulagða viðburði á vegum félaga eða stofnana um málefni barna og unglunga.
- Skýrar reglur um upplýsingaveitu til foreldra ef neikvæð hegðun barna og unglunga er sýnileg.
- Að öll starfsemi fari fram m.t.t. reglna um útivistartíma barna og unglunga.
- Skipulagt leitarstarf, t.d. útivakt og virkt samstarf við foreldra og lögreglu.
- Að sameina krafta þeirra sem vinna gegn áhættuhegðun barna og unglunga.
- Leitast eftir góðu tengslaneti við foreldra, t.d. í gegnum foreldrarölt og Samkóp.

Ungmennahúsið Molinn

Markmið:

Að ungu fólki í Kópavogi sé skapaður aðgangur að vímulusum vettvangi sem býður upp á tækifæri til ýmissa skapandi starfa. Sérstök áhersla verður lögð á að ungt fólk fái að takast á við uppbyggileg verkefni sem höfða til mismunandi áhugasviða.

Leiðir :

- Að unnið verði að 1. og 2. stigs forvörnum í starfi hússins.
- Að unnið verði í nánú samstarfi við þá aðila sem koma að málefnum ungs fólks, bæði innanlands og utan.
- Að lögð verði áhersla á að starfið höfði til allra ungmenna.
- Að unnin verði forvarnaáætlun fyrir starfseminu í samstarfi við gesti hússins og starfsfólk.

Framkvæmda- og tæknisvið

Vinnuskóli Kópavogs

Markmið:

Að hafa ánægju af því að skila góðu verki. Að hafa ánægju af því að fegra bæinn. Að unglingar læri að hegða sér á vinnustað. Að unglingar læri vinnubrögð og meðferð verkfæra. Að unglingar læri að umgangast bæinn okkar. Að auka færni unglunga í samskiptum við aðra. Að auka virðingu unglunga fyrir umhverfinu. Að halda uppi félagslífi unglunga yfir sumarið. Að veita unglingum launaða sumarvinnu.

Leiðir :

- Leitast verði eftir viðtæku samstarfi við stofnanir og fyrirtæki í bænum.
- Gerð verði aðgerðaráætlun í forvarnamálum.
- Gerð verði eineltis- og áfallaáætlun.
- Skipulögð fræðsla til nemenda verði í boði þar sem leitast er við að hafa jákvæð áhrif á viðhorf til heilbrigðis sem og styrkjandi viðhorfa til jákvæðra gilda lífsins.
- Að tryggja gott upplýsingastreymi til foreldra um starfið.
- Að starfið sé vímuefnalaust.
- Að viðbragðsáætlanir séu skýrar, t.d. vegna agabrota og áfalla.
- Að stuðla að heilbrigðum lífstíl með markvissri fræðslu og jákvæðum fyrirmyndum.
- Starfsemin höfði jafnt til beggja kynja.
- Að allir starfsmenn séu meðvitaðir um tilkynningarskyldu sína samkvæmt barnaverndarlögum.

Félagssvið*Félagsþjónustan***Markmið:**

Að styrkja fjölskyldur í hlutverki sínu sem uppalendur og senda skýr skilaboð um grundvallargildi í uppeldi. Að vera í góðu samstarfi við stofnanir innan bæjarins og aðila sem vinna með einstaklingum, börnum og foreldrum. Að leitast við að bjóða markvissa greiningu, fræðslu, stuðning og ráðgjöf fyrir börn í vanda og fjölskyldur þeirra. Að leitast við að hafa fjölþætt úrræði sem henta mismunandi vanda og bakgrunni einstaklinga og leitað sé viðtæks samstarfs við stofnanir í bænum og utan hans við úrlausn verkefna. Að upplýsingar um þjónustu Félagssviðsunnar séu sýnilegar og aðgengilegar fyrir almenning og markvisst sé unnið að kynningu til bæjarbúa um þjónustu.

Leiðir:

- Uppeldisráðgjöf er veitt fyrir foreldra og aðra sem þess óska af félagsráðgjöfum.
- Stefnt er að því að setja upp gagnvirka heimasíðu með upplýsingum og ráðgjöf fyrir foreldra sem eru að ala upp unglinga.
- Túlkaþjónusta er nýtt í viðtölum við notendur þjónustu eftir þörfum.
- Lögð er áhersla á að eiga samstarf við leikskólaskrifstofu og einstaka leikskóla í fyrirbyggjandi starfi í barnavernd og við meðferð einstakra barnaverndarmála.
- Lögð er áhersla á að eiga samstarf við fræðsluskrifstofu og einstaka grunnskóla í fyrirbyggjandi starfi í barnavernd og við meðferð einstakra barnaverndarmála.

- Lögð er áhersla á reglulegt samráð og samstarf við lögreglu varðandi áhættuhegðun barna og unglunga og mál einstakra barna.
- Að eiga samstarf við Heilsugæslu um uppbyggingu á forvarnastarfi í barnavernd en lagður var grunnur að því með samstarfsverkefninu Spor.
- Veitt er sálfræðipjónusta í samstarfi við Heilsugæsluna með því að Félagsþjónustan greiðir hálf tölubúgildi sálfræðings sem hefur starfsaðstöðu á Heilsugæslunni.
- Aðkeypt sálfræðipjónusta er í boði samkvæmt ákveðnu mati á þörf og að því marki sem rúmast innan fjárhagsáætlunar hverju sinni.
- Starfrækt er sambýli fyrir ungt fólk 18 til 20 ára sem og þurfa markvissan stuðning og ráðgjöf til að axla ábyrgð í daglegu lífi.
- Að stofna unglingasambýli fyrir börn á aldrinum 15 til 17 ára semm geta ekki búið hjá forsjáraðilum.



- Starfrækt er Unglingasmiðja fyrir unglunga í vanda þar sem þeir eru studdir á heimaslóðum til virkrar og ábyrgar þátttöku í daglegu lífi í samvinnu við foreldra og fagaðila.
- Unnið er að því að draga úr fordómum og bæta samskipti íslenskra unglunga og unglunga af erlendum uppruna í sérverkefnum.
- Starfrækt er vistheimili fyrir börn til tímabundinnar vistunar með engum eða litlum fyrirvara í þeim tilvikum ef barni er hættu búin eða barn getur ekki af einhverjum ástæðum verið hjá forsjáraðilum.
- Náíð samstarf er við Barnaverndarstofu sem rekur neyðarvistun og meðferðarheimili fyrir börn.
- Upplýsingar um þjónustu skulu uppfærðar reglulega á heimasíðu bæjarins www.kopavogur.is.
- Stefnt er að því að bjóða rafræn skil á umsóknum eftir því sem unnt verður með tilkomu þjónustuborðs.
- Bæklingar um þjónustu skulu ávallt liggja frammi í afgreiðslu og hjá þjónustuborði. Þeir skulu endurskoðaðir reglulega og nýjum bæklingum bætt við eftir þörfum.
- Kynna skal nýmæli í starfsemi eða þjónustu í blöðum og þá sérstaklega í bæjarblöðum.
- Ársskýrslan skal vera aðgengileg þeim sem þess óska.
- Starfsmenn skulu kynna starfsemi og þjónustu fyrir fagaðilum og öðrum samkvæmt óskum.
- Upplýsingar um hlutverk og þjónustu Félagsþjónustunnar eru í bækling sem býddur hefur verið á 6 tungumál.

Þjóðkirkjan – Trúfélög – Frjáls félagasamtök

Kirkjurnar í Kópavogi – Æskulýðsfélög

Markmið:

Að standa fyrir jákvæðu barna- og unglिंगastarfi sem byggir á kristnum gildum, þar sem ekki ríkir samkeppnis- eða keppnishugsjón. Starfið skal miða að því að styrkja sjálfmynd barna og unglunga og gefa þeim fyrirmyndir í kristilegu umhverfi. Í starfinu er boðun kristinnar trúar.

Leiðir:

- Fylgja ungmennum eftir allt frá Sunnudagaskóla og upp í framhaldsskóla.
- Standa fyrir jákvæðu og uppbyggilegu gjaldfrjálsu starfi sem er öllum opið.

- Stuðla að samkennd innan hópsins.
- Virkja hæfileika og styrkleika unglunga í heilbrigðu æskulýðsstarfi.
- Brúa bilið milli grunnskóla og framhaldsskóla.
- Að benda á jákvæða valkosti í lífinu.
- Standa fyrir fræðslu fyrir starfsfólk til að tryggja fagleg vinnubrögð.
- Starfsfólk sé meðvitað um skyldu sína gagnvart tilkynningum til barnaverndar.
- Hafa siðareglur starfsfólks og heilræði sýnileg í kirkjunni.
- Þjóða upp á spennandi tilboð sem höfða til barna og unglunga.
- Reyna að ná til þeirra sem finna sig ekki í öðru íþróttá- eða tómstundastarfi.
- Búa til opið umhverfi þar sem börn og unglingar geta tjáð sig um líðan sína og tilfinningar.
- Að börn og unglingar geti myndað tengsl við fullorðinn trúnaðarmann.
- Að börn og unglingar upplifi kirkjuna sem sína eigin, þ.e. sem stað þar sem þau eiga alltaf athvarf.

Foreldrafélög skóla og SAMKÓP – Samtök foreldrafélaga og skólaráða við grunnskóla Kópavogs

Markmið:

Markmið: Að standa vörð um réttindi barna til menntunar og þroska. Að beita sér fyrir auknum áhrifum foreldra á skólastarf. Að stuðla að skipulegu samstarfi aðildarfélaga, þ.e. foreldrafélaga og skólaráða. Að vera sameiginlegur málsvari foreldra gagnvart stjórnvöldum.



Leiðir:

- Að fylgjast með framkvæmd grunnskólalaga og aðalnámskrár og beita sér fyrir umbótum í skólastarfi.
- Að afla reglulega upplýsinga um starf foreldrafélaga og skólaráða og kynna niðurstöður.
- Að stuðla að opinberri umræðu um skóla- og uppeldismál, m.a. með ársþingum, félagsfundum, málþingum, ráðstefnum, greinaskrifum og myndun starfshópa.
- Að starfa með öðrum samtökum og félögum sem sinna málefnum barna og foreldra á Íslandi og í nálægum löndum.
- Vera virkur tengiliður við foreldra varðandi áherslur í forvarnastarfi bæjarins.

*Kópavogsdeild Rauða kross Íslands***Markmið:**

Að aðstoða börn og ungt fólk sem standa höllum fæti, taka þátt í markvissu forvarnastarfi, kynna sjálfboðið Rauða kross starf fyrir ungu fólki og stuðla að þátttöku þess í starfi deildarinnar. Að stuðla að virðingu fyrir fjölbreytileikanum í samfélaginu og auðvelda börnum af erlendum uppruna aðlögun að og virka þátttöku í íslensku samfélagi. Að efla samskipti ungs fólks óháð uppruna og draga úr félagslegri einangrun. Að draga úr fordómum og stuðla að virðingu.

Leiðir

- Með samveru, kynningu og vettvangsferðum þar sem unnið er með hugtök eins og vináttu, virðingu og umburðarlyndi.
- Með opinni umræðu og fræðslu fyrir ungt fólk um mannúðarmál, menningarheima og umhverfismál.
- Með samstarfi við grunnskóla Kópavogs, sérstaklega móttökudeild nýbúa í Hjallaskóla.
- Að veita börnum og ungmennum fræðslu um skyndihjálp og slysavarnir, hugsjónir og starf Rauða krossins, fjölmennigarlegt samfélag o.fl. og tryggja að börn hafi jafnan aðgang að námskeiðum deildarinnar, óháð efnahag.
- Með samstarfi við Menntaskólann í Kópavogi um áfangann SJÁ 102.
- Með samstarfi við Molann.
- Með námsaðstoð og námsvinum.
- Með samstarfi við aðra sem sinna málefnum ungmenna.

Lögreglan

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu – Svæðisstöðin í Kópavogi

Markmið:

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur að leiðarljósi að auka öryggi og öryggis-tilfinningu þeirra sem búa, starfa og dveljast á höfuðborgarsvæðinu. Að gæta almannaöryggis, halda uppi lögum og reglu og stemma stigum við afbrotum með öflugu forvarna- og eftirlitsstarfi. Vinna svo sem kostur er að uppljóstrun afbrota.

Leiðir:

- Efla eftirlit, samstarf, markvissa miðlun upplýsinga og fræðslu til hinna ýmsu stofnana bæjarins, hagsmunasamtaka og íbúa.
- Auka eftirlit á sviði umferðarmála, t.d., hvort öryggisbúnaður sé notaður, m.a. á reiðhjólum og í bifreiðum. Gera árlega úttekt á hættulegum stöðum í gatnakerfinu. Að virkja enn frekar foreldrarölt í öllum hverfum bæjarins.
- Samstarf. Bæta aðgengi almennings að lögreglunni. Efla samstarf í einstökum hverfum bæjarins gagnvart áhættuhópum. Auka aðkomu lögreglu að málefnum er snúa að öryggi í umferðarmálum í bæjarfélaginu.
- Miðlun upplýsinga. Auka upplýsingagjöf til almennings, t.d. með reglubundnum pistlum í bæjarblöðum og á heimasíðu lögreglunnar. Koma fræðslu til íbúa og fyrirtækja um forvarnir, t.d. til að verjast innbrotum og þjófnaði.
- Fræðsla. Að lögreglan hitti börn í grunnskólunum reglubundið á skólagöngu þeirra með ýmiskonar fræðslu. Koma á ákveðnari farvegi í skólum, hver sé tengiliður við lögreglu í hverjum skóla. Þannig skapast ákveðið form fyrir samstarfið og það heldur áfram þó mannbreytingar verði í skólunum eða hjá lögreglunni. Koma á fót reglubundinni fræðslu fyrir aldraða.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

Heilsugæslan Hamraborg – Heilsugæslan Hvammi og í Salahverfi

Starfsemin byggir á lögum um heilbrigðismál, nr. 40, 27. mars.

Þar segir m.a.: Allir landsmenn eigi kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði í samræmi við ákvæði laga þessarar, og þrátt fyrir skiptingu landsins í heilbrigðisumdæmi, skulu sjúklingar jafnan eiga rétt á að leita til þeirrar

heilsugæslustöðvar eða heilbrigðisstofnunar sem þeir eiga auðveldast með að ná til hverju sinni.

Stefna:

- Vera fyrsta val þeirra sem þurfa á almennri heilbrigðisþjónustu að halda.
- Vera framsækinn og ábyrgur aðili í íslenski heilbrigðisþjónustu .
- Hafa jákvæð áhrif á líf almennings.
- Vera talinn eftirsóknarverður vinnustaður.

Heilsuvernd Heilsugæslunnar frá getnaði til 18 ára aldurs

Markmið mæðraverndar:

- Að stuðla að heilbrigði móður og barns með faglegri ummönnun, stuðningi og ráðgjöf. Greina áhættuþætti á byrjunarstigi og bregðast við þeim. Veita markvissa fræðslu og ráðgjöf um meðgöngu og fæðingu.



Markmið ung- og smábarnaverndar:

- Að fylgjast reglulega með heilsu og framförum barna, andlegum, félagslegum og líkamlegum frá fæðingu til skólaaldurs og veita foreldrum/fjölskyldum þeirra stuðning og fræðslu.

Markmið skólaheilsugæslu:

- Að stuðla að því að skólabörn frá 6 -18 ára fái að þroskast við sem bestar andlegar, líkamlegar og félagslegar aðstæður og stuðla að velliðan þeirra á þeim sviðum. Starfsfólk skólaheilsugæslu vinnur með starfsfólki skólanna, foreldrum/forráðamönnum skólabarna og öðrum sem koma að málefnum nemenda með velferð þeirra að leiðarljósi.

Leiðir:

- Hafa ávallt á að skipa sérfræðingum til að sinna þessum málaflokki: Ljósmeðrum, hjúkrunarfræðingum og heimilislæknum, auk aðgengis að fæðingalækni, barnalækni og sálfræðingi.
- Stuðla að heilbrigði móður og barns á meðgöngu með áherslu á gildi heilbrigðs lífennis, s.s. æskilegs matarræðis, hreyfingar og forðast áhættu hegðun sem og neyslu ávanabindandi efna.
- Byggja allar skoðanir á klínískum leiðbeiningum, greina og bregðast við áhættuþáttum í tíma. Áhersla er á heilbrigði svo og framför á líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska barna.
- Leggja áherslu á stuðning við fjölskyldur þannig að börnum séu búin bestu möguleg uppvaxtarskilyrði á hverjum tíma. Fræða foreldra um þroska og þarfir barnsins miðað við hvert aldurs skeið þess. Sinna skipulagðri heilbrigðisfræðslu og hvetja til heilbrigðra lífshátta. Byggt er á hugmyndafræðinni um 6-H heilsunnar sem er samstarfsverkefni skólaheilsugæslunnar og Lýðheilsustöðvar.
- Við frávik ber heilsugæslunni að tryggja að foreldrar/barn fái viðeigandi stuðning og þjónustu fagaðila innan eða utan hennar. Starfsfólk heilsugæslunnar vinnur náið með félagsþjónustu, skólastjórnendum og öðru fagfólki sem að málefnum barna koma í Kópavogi.

Til frekari upplýsinga:

- www.heilsugaeslan.is/
- www.salus.is/
- www.landlaeknir.is/
- www.lydheilsustod.is/



Forvarnanefnd Kópavogs
Fannborg 2, 200 Kópavogi
www.kopavogur.is
2009